



Jarðhitafélag Íslands

Fundargerð 124. stjórnarfundar Jarðhitafélags Íslands

Mánudaginn 1. júní 2015 kl. 15:30 í húsaánum Samorku

Mætt: Kristín Vala Matthíasdóttir formaður (KVM), Hildigunnur Thorsteinsson (HT), Claus Ballzus (CB), Egill Júlíusson (EJ), Magnús Þór Jónsson (MPJ) og Sigurjón Norberg Kjærnested (SNK)

Boðuð forföll: Steinunn Hauksdóttir (SH)

Gestir fundar:

KVM setti fund 15:40. Lögð var til breyting á dagskrá, um að taka fyrst á dagskrá verkaskiptingu stjórnar á komandi starfsári, og var það einróma samþykkt.

1. Verkaskipting stjórnar

Þar sem þessi fundur var sá fyrsti á starfsári nýrrar stjórnar, þá hafði stjórnin það verkefni að skipta með sér verkum. Það var einróma samþykkt að halda sömu verkaskiptingu stjórnar og á síðasta starfsári, þ.e að Hildigunnur Thorsteinsson verði varaformaður, Claus Ballzus gjaldkeri og Sigurjón Norberg Kjærnested ritari.

2. Haustfundur JHFÍ 2015

Farið var yfir skipulagningu næsta haustfundar JHFÍ. Ákveðið var að hafa þema fundarins „fjölnýting jarðvarma“. Ákveðið var að halda fundinn fimmtudaginn 22. október í húsaánum Mannvits. Fram kom frá CB að Mannvit býðst til að bjóða upp á kaffi og meðlæti með fundinum, og þáði stjórnin það með þökkum.

KVM mun leggja til dagskrá fyrir fundinn og mun stjórnin vera í tölvupóstsamskiptum fram að næsta fundi um nánara skipulag hans.

3. Styrkur JHFÍ

Farið var yfir fyrirkomulag styrks JHFÍ fyrir árið 2015. Ákveðið var að hafa fyrirkomulag styrkveitingar að sama hætti og á síðasta ári, að undanskildu því að í þetta skiptið verða veittir 2 styrkir, að upphæð allt að 300.000 kr. hvor styrkur. SNK mun útbúa auglýsingu um styrkveitinguna og senda út. Frestur til að sækja um styrkinn verður mánudagurinn 7. september.

4. Vottorð um aðild að JHFÍ

Einn félagi í JHFÍ óskaði nýlega eftir því að fá útgefið undirritað vottorð til staðfestingar á félagsaðild sinni að JHFÍ. Eftir samráð við stjórn útbjó SNK slíkt skjal og afhenti umræddum félaga. Rætt var um málið og ákveðið að hver sá aðildarfélagi að JHFÍ sem óski eftir slíku skjali í framtíðinni, muni fá það afhent.

4. Nýjir félagar

Eftirfarandi umsóknir bárust um félagsaðild að JHFÍ.

- Elvar Bjarkason, doktorsnemi í verkfræði við The University of Auckland
- Páll Erland, framkvæmdastjóri Orku Náttúrunnar

Umsóknirnar voru einróma samþykktar og nýjir félagsmenn boðnir velkomnir

5. Önnur mál

a) Sameiginlegt félagatal

Farið var yfir möguleikann á því að koma á sameiginlegu félagatali fyrir aðildarfélagi að JHFÍ, sem viðeigandi stjórnarmeðlimir gætu uppfært eins og við á. Fram kom að SNK mun fara sem fyrst í að koma á slíku félagatali í gegnum Sharepoint kerfi Samorku.

Næsti fundur var ákveðinn mánudaginn 14. september í húsakynnum Samorku.
Fundi slitið 16:40.

Sigurjón Norberg Kjærnested, fundarritari

